



# VEK3A05

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Guðný María Jónsdóttir

**Netfang/netföng:**

gudny.jonsdottir@borgo.is

**Lýsing:**

Í áfanganum vinna nemendur eins og leikhópur að uppsetningu á leikverki. Áfanginn helst í hendur við aðra lokaársáfanga leiklistarkjörsviðs og lokaverkefni allra áfanganna sameinast í stóru leikverkefni/leiksýningu. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér þann grunn sem þeir hafa fengið í námi við kjörsvið leiklistar og á listnámsbraut. Áhersla er lögð á samvinnu og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Nemendur halda dagbók um vinnuferlið og munu þannig þjálfast í að halda utan um vinnuferli og gera sér grein fyrir eigin vinnuframlagi.

**Þekking, leikni, hæfni:**

Að nemandi geti unnið sjálfstætt og í hópi, á agaðan hátt að sviðsetningu leikverks. Að nemandi geti unnið að eigin hugmyndum og annarra í skapandi ferli. Geti á uppbyggilegan hátt unnið með skapandi teymi að sviðslistaverki. Að nemandi geti fært skapandi hugsun í framkvæmd og leikið á sviði. Að nemandi þekki og geti nýtt sér aðferðir við markvissa verkefnastjórnun við uppsetningu leiksýningar og listviðburða almennt.

**Námsmat:**

Símat er í áfanganum, horft er til vinnubragða, ástundunar og frammistöðu almennt í vinnuferli við undirbúning og uppsetningu á leikverki.

Vinnuferli – 30 %

Áfanganum lýkur með sýningu á lokaverkefni sem gildir til einkunnar – 50%

Nemendur halda dagbók/portfolio um vinnuferlið á önninni og skila henni í lok annar – 20%



**Námsgögn:**

Ljósrit sem nemendur fá athend í skóla. Nemendur gætu þurft að verða sér út um muni og fatnað fyrir leiksýningu. Kostnaði við það verður haldið í lágmarki.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Leiksýning verður seinni hluta aprílmánaðar. Nemendur þurfa að gera ráð fyrir að mæta utan stundatöflu á æfingar í kringum hana.

Farið verður á þrjár leiksýningar á önninni í Borgarleikhúsiu og nemendur kaupa miða á þær og fá þá á afsláttarkjörum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Vettvangsferð - leiksýning	
2	9.-13. janúar	Handrit – lestur – val á lokaverkefni	
3	16.-20. janúar	Handrit – lestur – val á lokaverkefni	
4	23.-27. janúar	Hlutverkaskipan – æfingar hefjast	
5	30. jan- 3. febrúar	Samlestur - textarýni	
6	6.-10. febrúar	Út á gólf – persónusköpun	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Æfingar	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Æfingar - umgjörð	Vorannahlé
9	28. febrúar- 3. mars	Æfingar - umgjörð	
10	6.-10. mars	Æfingar	
11	13.-17. mars	Æfingar	Vörðuvika II
12	20.-24. mars	Æfingar	
13	27.-31. mars	Æfingar – rennsli a.m.ö.	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Æfingar	
16	17.-21. apríl	Æfingar – rennsli a.m.ö	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Sýning á lokaverkefni	
18	1.-5. maí	Frágangur – skil á dagbók	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Óhefðbundin dagskrá	
20	15.-16. maí	Óhefðbundin dagskrá	Síðasti kennsludagur/ Varða III

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*